

Fljótsdalshérað  
b/t Steinar Ingi Þorsteinsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 26. mars 2019  
UST201903-043/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 – Geitdalsvirkjun**

Vísað er til erindis aðstoðarmanns skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 vegna Geitdalsvirkjunar.

Í greinargerð kemur fram að gerð er breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna áforma Arctic Hydro að reisa 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í Geitdalsá á Fljótsdalshéraði. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er miðlunar- og inntakslón skilgreint á óbyggðu svæði og stöðvarhúsið er rétt innan marka landbúnaðarsvæða.

Í greinargerð kemur fram að tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun að öllum líkindum fela í sér afmörkun iðnaðarsvæða fyrir tvö lón, þrýstipípu og stöðvarhús á sveitarfélagsuppdrætti A, ásamt upplýsingum til skýringar um legu vega að mannvirkjunum.

Virkjunin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 3.22 í viðauka 1 þar sem segir að „*Vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira*“ fellur í B-flokk framkvæmda. Þær framkvæmdir kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst þó meta umhverfisáhrif í samræmi við ákvæði laganna eins og um ótvírætt matskylda framkvæmd væri að ræða þegar hönnun er lengra komin og eftir að sú breyting á aðalskipulagi sem hér um ræðir hefur verið staðfest.

Svæðið sem breytingartillagan nær til er óraskað svæði og telur Umhverfisstofnunar því líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin mun nánar greinar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og taka afstöðu til þeirra í ferli mats á umhverfisáhrifum sem lögbundinn umsagnaraðili.

### **Verndarsvæði**

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem fer m.a. undir lón og vegi falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem um er að ræða rask á votlendi og stöðuvötnum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú tillagan eins og hún er kynnt í lýsingu muni hafa talsvert neikvæð áhrif á þau vistkerfi sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

### **Markmið**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver sé þörfin fyrir raforku í sveitarfélaginu og hvort ástæða aðalskipulagsbreytinganna sé vegna aukinnar eftirspurnar eftir raforku. Þá má einnig koma fram hvort framkvæmdin tengist að einhverju leiti uppsetningu eða lagfæringu á rafflutningslínunum með þeim tilgangi að auka öryggi raforkuflutnings á nærsvæðinu.

### **Vistkerfi**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar rekjuvist sem er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og hengistararflóavist sem er með mjög hátt verndargildi. Í þessum vistgerðum er mjög fjölbreytt fuglalíf og þar er að finna fuglategundina sendling (*Calidris maritima*) sem er á valista NÍ yfir fuglategundir sem eru í hættu auk þess sem tegundin er ábrygðartegund Íslands í þeim skilningi að hið minnsta 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýtir Ísland til varps. Ber Íslandi að vernda sérstaklega sínar ábrygðartegundir að mati Umhverfisstofnunar og felst þú vernd aðallega í því að raksa ekki búsvæði þessara fugla.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum og búsvæðum fugla og dýra verði ekki raskað.

### **Óbyggð víðerni**

Í greinargerð kemur fram að skoðað verði hvort óbyggð víðerni skerðist en í landsskipulagsstefnunni er lögð sérstök áhersla á að taka tillit til verndunar víðerna.

Í landsskipulagsstefnu segir í kafla 1.4.1 þar sem er fjallað er um orkunýtingu í skipulagsáætlunum: „*Skipulagsákvæðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings taki mið af áherslu landsskipulagsstefnu á sjálfbæra nýtingu orkulinda og verndun víðerna og náttúru miðhálandisins. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.*“

Samkvæmt 3. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Í e. lið greinarinnar segir: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt ofangreindum náttúruverndarlögum eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun vill taka fram að unnið er að skilgreiningu og uppfærslu við að afmarka og kortleggja óbyggð víðerni á Íslandi í samstarfi stofnunarinnar og Skipulagsstofnunar og er þeirri vinnu ólokið.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdasvæðið falli undir skilgreiningu um óbyggð víðerni samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og því undir verndarmarkmiða sem fjallað er um 3. gr. laganna. Að mati stofnunarinnar verður umfangsmikil og óafturkræf skerðing á óbyggðum víðernum og neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og landslag.

Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir m.a. í kafla 10.2. þar sem fjallað er um vernd víðerna: „*Tryggt verði að stór samfella víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.*“

### **Stífla og ásýnd**

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin gerir ráð fyrir 3 km<sup>2</sup> miðlunarlóni í Leirudal, og lengd Leirudalsstíflu er áætluð um 1 km og mesta hæð um 18 m. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að í tillögunni séu metin áhrif ásýndar af framkvæmdunum á umhverfið. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á kafla 1.1.1 í landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um skipulagsákvæði um náttúru og víðerni en þar segir m.a.: „*Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins.*“

**Vatnamál**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á rennsli Leirudalsár og Geitdalsár í breytingunni. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot og 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur